



Reykjavík, 30. apríl 2020

Beiðni frá skóla- og frístundasviði um umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla

Efni: Tillaga um breytingar í Háaleitisskóla

Skólaráð Réttarholtsskóla fagnar því að starfseiningar Háaleitisskóla verði aðskildar í tvær sjálfstæðar skólaeiningar og að Réttarholtsskóli verði heimaskóli nemenda sem koma úr skólahverfi Hvassaleitisskóla. Rík hefð er fyrir því að nánast allir nemendur sem ljúka 7. bekk í Hvassaleitisskóla sæki um skólavist í Réttarholtsskóla og hefur skólinn undantekningarlaust samþykkt skólavist þeirra. Þó er mikilvægt að huga að árgangastærðum og líta til framtíðar með húsnaði skólans í huga. Eins er úthlutunarlíkan sem unnið er eftir núna afar óhagstætt fyrir fjárúthlutun til Réttarholtsskóla. Úthlutunarlíkanið tekur mið af árgangastærðum og fjöldi þeirra nemenda sem kemur úr Hvassaleitisskóla hefur ekki áhrif á úthlutun þar sem sá fjöldi sem bætist við hvern árgang breytir ekki forsendum til að hafa hópana fleiri. Stærð allra árganga eru alveg á mörkum þess að fjárúthlutun verði meiri og möguleiki verði að hafa bekkjardeildirnar fleiri. Jafnframt telur skólaráð Réttarholtsskóla að brýn þörf sé að koma á fót aðstöðu innan skólans í samstarfi við félagsmiðstöðina Bústaði til að þjónusta félagsþátt unglunga en full þörf er á að bæta núverandi aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar. Stærð húsnaðis skólans í dag er hamlandi þáttur í þeim efnum.

Virðingarfyllst fh. skólaráðs Réttarholtsskóla,

Margrét Sigfúsdóttir skólastjóri.